

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Malbikunarstöðina Hlaðbæ — Colas hf., Hellnahrauni í Hafnarfirði.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Stöðinni er heimilt að framleiða olíumöl og malbik. Þess skal gætt að ekki sé um að ræða sérstaka mengun vegna óeðlilegs álags á tækjakost.
- 1.2. Stöðin skal sjá um að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir í samráði við Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar.
- 1.3. Girða skal lóð fyrirtækisins af og þannig frá henni gengið, að ekki verði um að ræða fok úr efnishaugum, sem geymdir verða á svæðinu. Skal um þetta haft samráð við Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar.
- 1.4. Sé óskað eftir að gera umtalsverðar breytingar eða stækkun á stöðinni, skal greina Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar skriflega frá því.
- 1.5. Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við umsagnaraðila lagt til við heilbrigðisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.
- 1.6. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.7. Um byggingar og annað á svæðinu skal fylgja byggingarreglugerð og brunamálasamþykkt.

2. Varnir gegn ytri mengun.

- 2.1. Malbikunarstöðin skal koma í veg fyrir rykmengun vegna flutnings á steinmulningi og sandi, eftir því sem kostur er. Færibönd sem flytja efni frá kaldmöturum skulu vera innbyggð, eða þannig frá þeim gengið á annan hátt, að ekki verði um fok á jarðefnum að ræða. Fallhæð efnis við flutning í kaldmatara skal aldrei vera meiri en 2 m.
- 2.2. Flutningstæki sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal allt vera innbyggð.
- 2.3. Brennaraloft frá þurrkara skal hreinsa í sérstökum rykhreinsibúnaði. Útblástursloft má eftir að hafa farið í gegnum hreinsibúnaðinn ekki innihalda meira en sem nemur 100 mg af ryki í normalrúmmetra. Heildaryrk frá hreinsibúnaði má ekki vera meira en sem nemur 0,04 kg fyrir hvert framleitt tonn af malbiki.
- 2.4. Útblástursloft frá rykhreinsibúnaði skal leiða út í gegnum skorstein minnst 15 m að hæð yfir gólfi.
- 2.5. Skorsteinn skal útbúinn í samráði við Hollustuvernd ríkisins, þannig að auðvelt sé að framkvæma mælingar til að fylgjast með styrk ryks í útblástursloftinu.
- 2.6. Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar skal lagt bundnu slitlagi, eftir því sem þurfa þykir að mati Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar. Rennslisballi skal vera að niðurföllum tengdum fráveitu. Þau svæði, þar sem malbik er flutt í geymslusiló og sett á flutningstæki, og þar sem flutningstæki eru úðuð eða borin olíu, skulu steipt og vera með sérstökum niðurföllum.
- 2.7. Allt fráveituvatn frá athafnasvæðinu, sbr. grein 2.6., skal leiða gegnum olíugildir, áður en það er leitt burt. Slíkt fráveituvatn skal hafa a.m.k. einnar klst. viðvöl í olíugildru. Yfirborðshleðsla gildrunnar skal ekki vera meiri en 2 m³/m² á klukkustund. Fjarlægja skal olíu reglulega úr gildrunni.
- 2.8. Frá og með 1. janúar 1992 skal allt fráveituvatn frá athafnasvæðinu og aðstöðu á staðnum leitt í holræsi til sjávar, niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Þannig skal frá

fráveitunni gengið, að hún hindri ekki notkun strandar og sjávar við ströndina á Straumsvíkur — Hraunvíkursvæðinu til fiskeldis. Þar til þetta ákvæði verður uppfyllt skal allt fráveituvatn leitt í rotþró, sem Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis viðurkenna.

- 2.9. Í kringum bennsluolíutank skal steypa þró sem rúmar innihald tanksins. Loki skal vera staðsettur við hvern tank innan þróar.
- 2.10. Malbikunarstöðin skal sjá til þess að hávaði sé takmarkaður eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal eigi vera meiri en 70 dB (A.leq).
- 2.11. Verksmiðjan skal sjá svo um, að allur mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í fullkomnu lagi og að ráðstafanir til varnar mengun haldi upphaflegu gildi sínu. Hafa skal reglulegt eftirlit með búnaðinum og halda skrár yfir niðurstöður. Fulltrúum mengunarvarna- og heilbrigðisnefndar skal heimill aðgangur að þessum upplýsingum þegar óskað er. Viðhald alls búnaðarins skal vera fyrirbyggjandi og m.a. taka mið af eðlilegum endingartíma hinna ýmsu hluta. Þá skal varahlutalager einnig við það miðaður.

3. Gjaldskrá.

Malbikunarstöðin skal árlega í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986 greiða eftirlitsgjöld eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka skv. gjaldskránni. Malbikunarstöð Hlaðbæjar — Colas hf. flokkast í 3. flokk. Gjaldið skal standa undir starfsleyfisvinnslu og eftirliti Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem verður skv. 3. gr. gjaldskrárinnar.

4. Gildistími.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað og gildir til næstu 12 ára frá og með útgáfudegi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þegar Ólafsfjarðarkaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem bærinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er húseigendum, sem þar eiga húseignir og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt regnvatnsræsi, ef gert er.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bærarstjóri ákveður, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.